

9. stjórnarfundur EBAK 8. nóv 2023 kl. 15:00

Mætt voru: Karl Erlendsson formaður, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Þóra Hjaltadóttir, Margrét Marvinsdóttir, Margrét Alfreðsdóttir, Valgerður Jónsdóttir, Friðrik Vagn og Elín Antonsdóttir. Fjaverandi var Helgi Aðalsteinsson.

Formaður setti fundinn kl. 15.

Þetta var tekið fyrir.

1. Fundur með öldungaráði.

Formaður sagði frá fundi framkvæmdaráðs 7. nóv. með öldungaráðinu og hverjar áherslur þeirra væru þ.e. starfsemi og tilgangur. Þá var farið yfir aðgerðaráætlun ráðsins og endurskoðun hennar. Á þann fund mættu f.h. öldungaráðs Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Þóra Ákadóttir og Þorgerður Þorgilsdóttir. Rætt var um hvernig félagið gæti stutt við öldungaráðið. Lagt var til að haldnir yrðu þrír sameiginlegir fundir, öldungaráðs og stkórnar EBAK, á ári. Var það samþykkt.

2. Kjarahópur EBAK

Formaður kynnti kjaramálakönnun sem Sigurður gerði fyrir hönd hópsins. Svör bárust frá 791 meðlimi félagsins. Stjórn lýsti ánægju sinni með könnunina og urðu um hana talsverðar umræður. Minnt var á almennan fund um könnunina og fleira í Hofi þann 14. nóv kl. 16 sem haldinn verður á vegum EBAK og kjaramálahópsins.

3. Húsnæðismál EBAK

Líkamræktarstöðin Bjarg hefur hætt við að selja húsnæði sitt og því er allt óbreytt í þeim eftirnum. En á nýju ári fær félagið skrifstofu niðri í austurhluta húsnæðisins. Þá voru áframhaldandi umræður um stækkun húsnæðisins í Bugðusíðu. Samþykkt var að halda áfram viðræðum við fulltrúa bæjarins og kanna undirtektir um

Karl Erlendsson
Karl Guðmundsson
Sigurður Harðarson
Þóra Hjaltadóttir
Margrét Marvinsdóttir
Margrét Alfreðsdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Friðrik Vagn
Elín Antonsdóttir
Helgi Aðalsteinsson

viðbyggingu. Samþykkt að fela formanni og gjaldkera að ganga til þeirrar umræðu. Framkvæmdaráði var falið að móta frekari tillögur um viðbyggingu.

4. Önnur mál

Rætt var um að efna til námskeiðs í tölvu og símalæsi fyrir félaga EBAK þar sem lögð verði áhersla á eitthvað einfalt og auðunnið fyrir eldra fólk. Formanni var falið að kanna hvort og þá hvaða leiðbeinendur væri hægt að fá. Þá tilkynnti formaður að Halla Ottesen ætlaði að kanna grundvöll fyrir námskeiði í stafrænni ljósmyndun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30

Fundargerð ritaði Elín Antonsdóttir

Karl Endersson
Síðuháðar
Karl Endersson
Elín Antonsdóttir
Vallg. Jónard.
Margrét Ólafsson
Ásthildur Vagn Guðj.